

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. júní 2013
Tilvísun: UST20130500106/bs

Ísafjarðarlína 1, breyting á legu og lagning jarðstrengs. Ísafjarðarbæ - Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 15. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða endurbyggingu Ísafjarðarlínu að mestu í núverandi línustæði. Þar sem vikið er frá núverandi línustæði verður lagður jarðstrengur að undanskildum stuttum kafla D1-C. Jarðstrengir verða að mestu lagðir í aflagða vegi.


Framkvæmdasvæðið er að hluta innan svæðis nr. 315 á náttúruminjaskrá. Náttúruverndargildi svæðisins er talið vera m.a. : „Fjölbreytt landslag, gil, ár og fossar. Sérstætt gróðurfar.“ Ekki er talið að umrædd framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á svæði nr. 315 á náttúruminjaskrá.

Hér er um framkvæmd að ræða sem að mestum hluta fer fram á svæðum sem nýtt hafa verið áður ýmist til línulagna eða vegagerðar. Því telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Á um 300 m löngum kafla er ráðgert að endurbyggja núverandi línu innan skilgreinds brunnsvæðis. Umhverfisstofnun vill benda á að í 13. grein reglugerðar nr. 533/2001 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns segir m.a. um Brunnsvæði: „Brunnsvæði er næsta nágrenni vatnsbólsins. Það skal vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim, sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar.“ Umhverfisstofnun vill benda á 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, en þar segir: „Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar, veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða.“

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur